

Fimmtudaginn 28. september 1995.

Nr. 294/1994.

**Kristján Ólafsson og  
Hilmar Viktorsson**

(Jón Magnússon hrl.)

gegn

**Bræðrunum Ormsson hf.**

(Þorsteinn Júlíusson hrl.)

Skuldamál. Sönnun.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar 23. júní 1994. Þeir krefjast þess, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnda og dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Þeirra á meðal er ljósrit af víxli, sem getið er í héraðsdómi. Víxillinn er með gjalddaga 25. nóvember 1991. Áfrýjandinn Hilmar er samþykkjandi hans fyrir hönd Sólvalla hf., en ómótmælt er, að það sé byggingarfélag áfrýjenda. Ljósritið ber með sér, að víxillinn er innleystur af stefnda 24. janúar 1992 með samtals 208.626 krónum. Samkvæmt fram lagðri kvittun eru 100.000 krónur greiddar inn á viðskiptareikning „Kristján Ólafsson -Sólvellir-“ 28. janúar 1992. Samkvæmt bréfi til áfrýjandans Kristjáns „c/o Hilmar“ frá 28. september 1992 er innlausnarfjárhæðin færð inn á „sundurliðun á vanskilaskuld“ Kristjáns Ólafssonar 29. janúar það ár og greiðslan daginn eftir. Bréf þetta var lagt fram af áfrýjendum í héraði.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að samkomulag hafi verið gert við áfrýjanda Kristján um ráðstöfun greiðslna inn á ofangreindan víxil. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms er næg sönnun fram komin fyrir þeirri staðhæfingu, en framangreint ljósrit rennir frekari stöðum undir þá fullyrðingu. Dómsfjárhæð hefur ekki verið sérstaklega andmælt. Hinn áfrýjaði dómur er þannig staðfestur.

Samkvæmt þessari niðurstöðu skulu áfrýjendur greiða stefnda málskostnað, svo sem nánar greinir í dómsorði.

## D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjendur, Kristján Ólafsson og Hilmar Viktorsson, greiði stefnda, Bræðrunum Ormsson hf., 40.000 kr. í málskostnað fyrir Hæstarétti.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 23. mars 1994.**

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. þ. m., er höfðað með stefnu, birtri 24. og 25. nóvember 1993.

Stefnandi er Bræðurnir Ormsson hf., kt. 711284-0799, Lágmúla 8-9, Reykjavík.

Stefndu eru Kristján Ólafsson, kt. 250439-7419, Víði, Mosfellsbæ, og Hilmar Viktorsson, kt. 120952-7499, Seiðakvísl 7, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til greiðslu skuldar, að fjárhæð 701.918,60 kr., ásamt dráttarvöxtum [...], allt að frádregnum innborgunum, samtals að fjárhæð 644.969 kr. Þá er krafist málskostnaðar.

Af hálfu stefndu er krafist sýknu af kröfum stefnanda og að þeim verði tildæmdur málskostnaður úr hendi hans.

II.

Hinn 23. nóvember 1990 gaf stefndi Kristján Ólafsson út skuldabréf, að fjárhæð 651.456,90 kr. Skyldi greiða skuldina með sex jöfnum afborgunum á eins mánaðar fresti, í fyrsta sinn 20. desember 1990. Vextir af skuldinni skyldu vera kjörvextir, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma af Íslandsbanka hf. Voru þeir við útgáfu bréfsins 12,25%, auk fasts vaxtaálags, 2,25%, samtals 14,5% ársvextir. Átti að greiða vexti eftir á á sama tíma og afborganir. Stefndi Hilmar Viktorsson tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu skuldarinnar, en auk þess var stefnanda veðsett ýmislegt lausafé. Hinn 4. desember 1990 framseldi stefnandi skuldabréfið Íslandsbanka hf. og tókst jafnframt á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess gagnvart bankanum.

Stefnandi kveður engu afborgun hafa verið innta af hendi 19. apríl 1991, og hafi stefnandi þurft að leysa bréfið til sín með 701.918,60 kr., sem eru stefnufjárhæð málsins. Stefnandi kveður stefnda Kristján hafa greitt inn á viðskiptarcikning sinn og Sólvalla hf. hjá stefnanda samtals 860.000 kr. á ár-

unum 1991, 1992 og 1993, og þar af hafi 215.031 kr. verið ráðstafað til greiðslu á vanskilavíxli á Sólvelli hf. samkvæmt samkomulagi við stefnda, en 644.969 kr. inn á kröfu þá, er hér um ræðir, sem hér segir:

1. 27. maí 1991 hafi verið innborgaðar 100.000 kr., sem ráðstafað hafi verið þannig, að 16.622 kr. hafi gengið til greiðslu áfallinna dráttarvaxta og 83.378 kr. inn á höfuðstól.

2. 26. júní 1991 hafi verið innborgaðar 60.000 kr., sem ráðstafað hafi verið þannig, að 11.876 kr. hafi gengið til greiðslu áfallinna dráttarvaxta og 48.124 kr. inn á höfuðstól.

3. 3. október 1991 hafi verið innborgaðar 75.000 kr., sem ráðstafað hafi verið þannig, að 41.240 kr. hafi gengið til greiðslu áfallinna dráttarvaxta og 33.760 kr. inn á höfuðstól.

4. 27. nóvember 1991 hafi verið innborgaðar 65.000 kr., sem ráðstafað hafi verið þannig, að 21.332 kr. hafi gengið til greiðslu áfallinna dráttarvaxta og 43.668 kr. inn á höfuðstól.

5. 30. desember 1991 hafi verið innborgaðar 75.000 kr., sem ráðstafað hafi verið þannig, að 9.579 kr. hafi gengið til greiðslu áfallinna dráttarvaxta og 65.421 kr. inn á höfuðstól.

6. 22. maí 1992 hafi verið innborgaðar 100.000 kr. 15.031 kr. hafi gengið til uppgreiðslu á vanskilavíxli á Sólvelli hf., en 84.969 kr. inn á þessa kröfu, sem ráðstafað hafi verið þannig, að 36.225 kr. hafi gengið til greiðslu áfallinna dráttarvaxta og 48.744 kr. inn á höfuðstól.

7. 11. ágúst 1992 hafi verið innborgaðar 55.000 kr., sem ráðstafað hafi verið þannig, að 15.505 kr. hafi gengið til greiðslu áfallinna dráttarvaxta og 39.495 kr. inn á höfuðstól.

8. 28. september 1992 hafi verið innborgaðar 80.000 kr., sem ráðstafað hafi verið þannig, að 8.196 kr. hafi gengið til greiðslu áfallinna dráttarvaxta og 71.804 kr. inn á höfuðstól.

9. 18. janúar 1993 innborgaðar 50.000 kr. 15.115 kr. hafi gengið til greiðslu áfallinna dráttarvaxta og 34.885 kr. inn á höfuðstól.

Af hálfu stefndu er því mótmælt, að samkomulag hafi verið gert við stefnda Kristján um, að innborganir hans hafi fyrst átt að greiða vanskilavíxil Sólvalla hf. hjá stefnanda. Sé skuld sú, sem mál þetta varði, því að fullu greidd.

### III.

Af hálfu stefnanda er um lagarök vísað til laga nr. 91/1991 og ákvæða í skuldabréfinu. Við munnlegan málflutning mótmælti stefnandi því, að sú vörn, að skuldin væri að fullu greidd, kæmist að í máli þessu, sbr. XVII. kafla laga nr. 91/1991, auk þess sem fullyrðingu stefndu um, að stefnanda

hafi verið óheimilt að ráðstafa greiðslum frá stefnda Kristjáni inn á vanskilavíxl vegna Sólvalla hf., var mótmælt sem rangri og ósannaðri.

Af hálfu stefndu er vísað til þess, að skuldin sé að fullu greidd og stefndi Kristján eigi í raun inneign, að fjárhæð 18.419 kr., frá 15. janúar 1993 hjá stefnanda auk dráttarvaxta frá sama degi. Við munnlegan málflutning var þess krafist, að stefnandi endurgreiddi stefndu þá fjárhæð.

#### IV.

Í máltilbúnaði sínum gerir stefnandi grein fyrir innborgunum stefnda Kristjáns Ólafssonar inn á viðskiptareikning sinn og Sólvalla hf. hjá stefnanda frá 27. maí 1991 til 18. janúar 1993. Samkvæmt því hefur stefndi Kristján greitt stefnanda á nefndu tímabili samtals 860.000 kr. Jafnframt kemur fram, að af þeirri fjárhæð hafi 644.969 kr. gengið til greiðslu á skuldabréfi því, sem hér um ræðir, en 215.031 kr. verið ráðstafað til greiðslu á vanskilavíxl Sólvalla hf. hjá stefnanda samkvæmt samkomulagi við stefnda Kristján.

Af þessum máltilbúnaði stefnanda leiðir, að sú vörn stefndu, að ekki hafi verið gert samkomulag við stefnda Kristján um, að innborganir hans hafi átt að ganga til greiðslu vanskilavíxils Sólvalla hf. hjá stefnanda, kemst að í máli þessu.

Af hálfu stefndu hefur verið lagt fram bréf stefnanda til þeirra, dagsett 28. september 1992, þar sem fram kemur sundurliðun á „vanskilaskuld“ við stefnanda. Er sú sundurliðun í samræmi við málsútlitun hans. Þar kemur fram, að á tímabilinu frá 19. apríl 1991 til 28. september 1992 hafi stefnanda verið greiddar 810.000 kr. Þar af hafi 208.626 kr. runnið til greiðslu á „vanskilav. Sólvellir“ 29. janúar 1992.

Af hálfu stefndu virðist engum mótmælum hafa verið hreyft við þessari sundurliðun stefnanda á greiðslum til hans fyrr en með greinargerð þeirra hér fyrir dómi 13. janúar sl. Jafnframt hafa stefndu lagt fram ljósrit af kvittunum frá stefnanda vegna innborgana stefnda Kristjáns. Kemur fram í ljósriti kvittunar frá 28. janúar 1992, að „Kristján Ólafsson-Sólvellir“ hafi þann dag greitt 100.000 kr. inn á viðskiptareikning hjá stefnanda. Þá var innheimtubréf út af skuld þeirri, sem mál þetta er sprottið af, sent stefndu 6. júní sl., en í því er innborgun á skuldabréfið tilgreind 644.969 kr.

Það, að stefndu virðast ekki hafa haft uppi nein mótmæli eða athugasemdir við sundurliðun stefnanda á innborgunum stefnda Kristjáns til stefnanda, svo sem hér að ofan er rakið, fyrr en með greinargerð sinni hér fyrir dómi, rúmunum 15 mánuðum eftir að þeir fengu sundurliðun á greiðslum stefnda Kristjáns til stefnanda, og að á kvittuninni fyrir innborgun stefnda frá 28. janúar 1992 er tilgreint, að „Kristján Ólafsson-Sólvellir“ hafi greitt

stefnanda 100.000 kr., þykir vera til styrktar þeirri fullyrðingu stefnanda, að samkomulag hafi verið gert við stefnda Kristján um ráðstöfun hluta innborgana af hans hálfu til stefnanda inn á umræddan vanskilavíxil vegna Sólvallda hf. Með vísan til þessa er það því niðurstaða dómsins, að stefnanda hafi verið heimilt að ráðstafa innborgunum stefnda að hluta til greiðslu á nefndum vanskilavíxli Sólvallda hf., sem samkvæmt málalíbúnaði stefnanda og án andmæla stefndu var greiddur upp 22. maí 1992.

Samkvæmt framansögðu verða kröfur stefnanda teknar til greina að öllu leyti og stefndu dæmdir óskipt til greiðslu málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn 90.000 kr.

Helgi I. Jónsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndu, Kristján Ólafsson og Hilmar Viktorsson, greiði stefnanda, Bræðrunum Ormsson hf., 701.918,60 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af þeirri fjárhæð frá 19. apríl 1991 til 27. maí 1991, af 618.540,60 kr. frá þeim degi til 26. júní 1991, af 570.416,60 kr. frá þeim degi til 3. október 1991, af 536.656,60 kr. frá þeim degi til 27. nóvember 1991, af 492.988,60 kr. frá þeim degi til 30. desember 1991, af 427.567,60 kr. frá þeim degi til 22. maí 1992, af 378.823,60 kr. frá þeim degi til 11. ágúst 1992, af 339.328,60 kr. frá þeim degi til 28. september 1992, af 267.524,60 kr. frá þeim degi til 18. janúar 1993 og af 232.639 kr. frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum innborgunum, samtals að fjárhæð 644.969 kr., og 90.000 kr. í málskostnað.